

Aukafundur Framkvæmdaráðs 22. júlí 2018, kl. 12:00

Mætt úr Framkvæmdarráði: Jón Gunnar, Eldbjörg, Sindri Viborg, Gunnar og Albert (fundarritun).

FUNDARPUNKTAR:

Rætt var um lántöku til að dekka launa- og rekstrarkostnað fyrir Pírata fram í febrúar 2019. Áætlað er að mánaðarlegur kostnaður séu tæpar 3 milljónir króna, þar eru laun aðstoðarmanns framkvæmdastjóra meðtalin. Rætt var um að taka skammtímalán í formi skuldabréfs og/eða yfirdráttar. Fyrst fyrir fyrstu 3-4 mánuðina og síðan gæti næsta Framkvæmdaráð tekið frekari lán. Gunnar gjaldkeri var á því að hafa lánið sem minnst og auka við það eftir þörfum.

Samþykktur var texti bréfs sem Gunnar getur farið með til bankastjórnar Sparisjóðs Strandamanna sem hann á kost á að heimsækja í eigin persónu síðar í vikunni. Innihald bréfsins fer hér á eftir og var samþykkt einróma og undirritað af auknum auknum meirihluta stjórnar.

“Framkvæmdaráð Pírata (kt. 461212-0690) sækist eftir að fá allt að 20 milljónir króna lánafyrirgreiðslu hjá Sparisjóði Strandamanna á sem hagstæðustum kjörum til rekstrar félagsins fram í febrúar 2019, þegar fjármagn berst til félagsins frá Íslenska ríkinu og lánið verður greitt upp. Framkvæmdaráð veitir jafnframt gjaldkera félagsins Gunnari Ingiberg Guðmundssyni knt. 171283-2219 umboð til að ljúka málinu fyrir hönd ráðsins.”